

lands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í Sigurfara, VE 138, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Árnason, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Sigurfara, VE 138, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 153/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðjóni Emil Aanes

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 20. marz 1969 á skipi sínu v/b Glað, VE 270, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðs.

herra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi . . .“. Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að birta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en svo hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar, hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. júní 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 31. marz 1969, á hendur Guðjóni Emil Aanes, Fífilgötu 5 í Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélbátnum Glað, VE 270 „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti um miðnætti aðfaranótt föstudagsins 21. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru

bannaðar til 30. apríl 1969 skv. 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breytingu á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964, og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Guðjón Emil til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærði Guðjón Emil Aanes er fæddur í Vestmannaeyjum 24. júlí 1930 og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- | | | |
|------|-------|--|
| 1947 | 4/9 | í Reykjavík: Sátt, 25. kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi. |
| 1949 | 3/4 | í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1950 | 14/1 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1950 | 10/2 | í Vestmannaeyjum: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skil-orðsbundið, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningar-laga og 1.500 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. áfengislaga. |
| 1951 | 15/3 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1951 | 6/8 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1951 | 26/10 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1952 | 17/2 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1952 | 28/10 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1952 | 23/12 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1953 | 5/3 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1953 | 19/3 | í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir. |
| 1953 | 6/5 | í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir ölvun innanhúss. |
| 1953 | 16/10 | í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga. |

- 1953 17/10 í Reykjavík: 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengis-
laga, 500 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
- 1957 19/4 í Reykjavík: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1960 30/1 í Vestmannaeyjum: 500 kr. sekt fyrir sama brot og
231. gr. hegningarlaga.
- 1961 9/1 í Reykjavík: 100 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 1/11 í Neskaupstað: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á al-
mannafæri.
- 1962 28/3 í Neskaupstað: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama brot.
- 1962 20/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir sama brot.
- 1964 23/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama brot.
- 1965 1/2 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 30 daga, swift-
ur rétti til þess að öðlast ökuréttindi í 15 mánuði,
fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr.
1. gr. laga nr. 20/1956, áfengislögum og umferðar-
lögum.
- 1965 9/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21.
gr. áfengislaga. Skaðabætur kr. 1.000.00 til Valdi-
mars Traustasonar fyrir líkamsmeiðingar og kr. 250.00
til lögregluþjóns fyrir skemmdir á úri.
- 1966 3/3 í Vestmannaeyjum: Dómur: 20.000 kr. sekt fyrir
ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands.
Afli og veiðarfæri m/b Dagrúnar, ÍS 11, gerð upptæk.
- 1966 28/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á
21. gr. áfengislaga.
- 1966 30/9 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 2 mánuði,
25.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fisk-
veiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Sig-
urðar, VE 35, gerð upptæk.
- 1967 21/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1967 24/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á
231. gr. hegningarlaga.
- 1968 12/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á
231. gr. hegningarlaga.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar,
að því er varðar dómana uppkveðna 3. marz 1966 og 30. septem-
ber 1966.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherra varð-
supsins Ægis 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 20. marz tók varðskipið m/b Glað, VE 270,

skipstjóri Guðjón Aanes, f. 24. júlí 1930, til heimilis að Fífilgötu 5, Vestmannaeyjum, að ólöglegum veiðum undan Eyrarbakka.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn hinn 20. marz var varðskipið við eftirlit við SV-land.

Kl. 2355 var komið að m/b Glað, VE 270, þar sem hann var að togveiðum á svæði, sem þær eru bannaðar til 30. apríl 1969 samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969.

Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við hlið bátsins:

Knarrarós, fjarl. 4.5 sjóm.

Hafnarnes, fjarl. 6.9 sjóm.

Gefur þetta stað bátsins um 10.3 sjóm. inni á friðunarsvæðinu.

Kl. 0011 var aftur gerð staðarákvörðun:

Knarrarós, fjarl. 4.8 sjóm.

Hafnarnes, fjarl. 6.8 sjóm. Dýpi 60 metrar.

Gefur þetta stað bátsins um 10.4 sjóm. inni á friðunarsvæðinu.

Skipstjóri bátsins kom um borð í varðskipið og gaf þá skýringu á veiðum sínum, að sér væri ókunnugt um þetta friðunarsvæði.

Honum var sagt, að skýrsla yrði gerð um málið og það kært til viðkomandi yfirvalda, síðan var hann fluttur um borð í bát sinn og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Mælingar voru gerðar með K.H. radar og gýróáttavita varðsipsins af 1., 2. og 3. stýrimanni undir umsjá skipherra.

Staðarákvarðanirnar voru settar út í kort nr. 16, og fylgir afklippa úr því skýrslu þessari.

Veður: NA 3, sjór 3, léttskýjað“.

Skipherra v/s Ægis, Guðmundur Kjærnested, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri innihald hennar rétt. Fyrsti stýrimaður varðsipsins, Bjarni Ólafur Helgason, og annar stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, mættu einnig fyrir sakadómi og kváðu skýrsluna rétta.

Er ákærði mætti fyrir sakadómi, viðurkenndi hann þegar að hafa verið að togveiðum á m/b Glað, VE 270, á þeim stað og tíma, sem í skýrslunni greinir, og ekki kvaðst hann vefengja staðarákvarðanir varðsipsmanna. Hins vegar kvað hann sér algerlega ókunnugt um, að togveiðar væru óheimilar þarna, og hann hafi gengið út frá, að sér væri heimilt að toga inn að þrem sjómílum frá landi. Áður en hann hóf togveiðar, kvaðst hann hafa leitað upplýsinga um friðunarsvæði fyrir Suðurlandi, en

ekki fengið ákveðin svör. Auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 4. marz s.l., kvaðst hann ekki hafa séð, enda sjái hann ekki Lögbirtingablaðið. Morgunblaðið, sem birti auglýsingu um friðunar-svæði sunnanlands, sá hann ekki, vegna þess að hann var fjar-verandi, er það kom á heimili hans, og er hann kom heim, var blaðið glatað.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er sannað, að hann var að togveiðum á m/b Glað, VE 270, í umrætt sinn á svæði, þar sem togveiðar voru bannaðar samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969. Ekki verður fall-izt á, að það leysi ákærða undan refsingu, þótt honum hafi verið ókunnugt um nefnda auglýsingu, sem virðist hafa verið birt með lögmætum hætti. Verður því litið svo á, að ákærði hafi verið að ólöglegum togveiðum í umrætt sinn og gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

M/b Glaður, VE 270, er að stærð 43.17 rúmlrestir brúttó.

Samkvæmt auglýsingum Seðlabankans um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40.000 kr. sekt í Landhelgissjóð, sem ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Glað, VE 270, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Glað, VE 270, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.